



FRÉTTABRÉF

ÍSLENSK ÆTTLEIÐING

September 1994

Um biðlistann og fleira frá skrifstofunni

Tvö börn eru komin frá Indlandi á árinu, eitt barn kemur heim nú í september og upplýsingar um þrjú börn að auki eru komnar.


Búið er að senda umsóknir til Rússlands, Vietnam og Kolombíu. Von er á upplýsingum um barn frá Thailandi.

Biðlistinn styttað óðum. Það eru ekki margir sem biða án þess að vera að vinna í pappírum eða búin að senda umsóknir.

Minnt er á skýrslur sem senda á vegna indversku barnanna. Foreldrar þeirra hafa gefið loforð um að senda þær og það loforð ber að efna. Þeim sem sækja um annað barn er sérstaklega bent á að indversk yfirvöld munu þá aðgæta hvernig foreldrar hafa staðið sig varðandi skýrslur um fyrra barnið. Hinum er bent á að trassaskapur getur hugsanlega skaðað betta samband okkar og skemmt fyrir öðrum. Það viljum við alls ekki, eða hvað?

Skrifstofan verður framvegis opin á miðvikudögum og föstudögum kl. 10-12 f.h. en fólkis er bent á að panta sér tíma ef það getur ekki komið þegar opið er.

Sími 91-14280 - Fax 91-624910



Albúmið

Ragnheiður fædd 12. desember 1985 á Sri Lanka og Hallbera Rún fædd 16. júlí 1993 í Calkutta á Indlandi. Þær búa á Akranesi.

Fatasöfnun fyrir barnaheimilið

Félagið þarf að safna fötum, léttum klæðnaði fyrir börn á öllum aldri. Við þurum hlý ullarteppi og önnur teppi, rúmföt í minnstu stærðinni, treyjur og etv. húfur á fyrirbura.

Einnig þarf pela og smávegis af leikföngum. Ef einhverjir eru aflögufærir væri gott ef þeir hugsuðu til félagsins. Kannski hefðu einhverjir saumaklúbar áhuga á að prjóna eða hekla teppi úr góðu ullarblönduðu garni.

Pórður Elíasson og Hrönn Ríkharðsdóttir, Akranesi:

Ferðin til Indlands

Fimmtudagurinn 10. febrúar 1994 rann upp eins og aðrir slíkir gera. Þessi var þó sérstakur fyrir okkur. Í fyrsta lagi var brjál-að veður og í öðru lagi vorum við á leið til útlanda. Þetta tengdist því að hvorki var hægt að lenda né taka upp í Keflavík. En öll él styttr upp um síðir og á tólfta tímanum var farið í loftið áleidís til Amsterdam með millilendingu í Glasgow. Til Amsterdam komum við seinni part fimmtudags, en borgin sú var aðeins áfangastaður okkar. Við vorum á leið til Indlands þeirra erinda að sækja litla dóttur okkar.

Við vissum í lok september að við ættum litla dóttur og Ragnheiður litla systur. Við vorum himinlifandi. Löng bið var á enda, en við tók einhverra mánaða „meðganga“ og þegar hér var komið sögu var með-göngunni næstum lokið.

Okkur leið vel í Amsterdam en á laugardag flugum við með KLM til Indlands og lentum í Dehli um miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 13. febrúar. Pennan sama dag átta árum áður (1986) lentum við í

Vangaveltur!

Í fréttabréfum félaga ættleiðinga á Norðurlöndum má oft lesa ferðapistla fólks, sem hefur heimsótt lönd barna sinna öðru sinni með þeim. Svo virðist sem þessar heimsóknir séu til mikillar gleði og ánægju. Oft fara nokkrar fjölskyldur saman og njóta þess vel. Því varpa ég fram þeirri spurningu hvort foreldrar barna frá Sri Lanka til dæmis vildu stefna á sameiginlega ferð síðar.

Gaman væri að heyra frá ykkur um þetta ef þið hafið einhverja skoðun á málinu. Bréfkorn má senda til skrifstofunnar.

Colombo á Sri Lanka þá til að sækja Ragnheiði. Í okkar huga er þetta merkisdagur.

Það tók tímann að komast gegnum flughöfnina. Allt gekk mjög hægt og okkar röð sýnu hægast en það hafðist. Þegar út var komið snér um við okkur að „Pre paid taxi service“ og var tekið með virktum. Okkur var boðið upp á „taxi de luxe“ fyrir nokkur hundruð rúpiúr. Við þáðum það og horföum tilhlökkanaraugum á Bensana sem stóðu fyrir utan. En, ó nei, við vorum leidd að Austin Morris árgerð eitthvað fyrir 1970. Bílferðin á hótelið var lífsreynsla í lagi en við komumst þangað breytt, sveitt og stressuð, en heil á húfi.

Við dvöldumst 4 daga í Dehli. Peir fóru í rölt um miðborgina og skoðunarferðir um Gömlu- og Nýju-Dehli. Okkur langaði til Agra að sjá Taj Mahal, en óx í augum tíminn sem fer í ferðir. Okkar niðurstaða var sú að fara hvergi en jafnframt að þetta væri varla gerandi nema að vera yfir nótt. Það er afar margt að sjá í Dehli; fagrar byggingar og minnismerki sem gaman er að sjá. En okkur þótti merkilegast að koma á staðinn þar sem Gandhi var brenndur. Staðurinn er afar látlaus en virðulegur og bar ríkti alger kyrroð. Það var margt fólk barna, bæði börn og fullorðnir sem gengu um nánast í lotningu. Síðasta spölinn gengu við berfætt og allt í kring voru blóm sem gestirnar höfdu borið með sér. Minnisvarðinn ber ekki hróður arkitektar víða, en hann ber vitni um mannlega reisn. Þetta var ólysanleg tilfinning sem fyllti hugann á þessum stað.

Frá Dehli héldum við til Calcutta þar sem litla dóttir okkar beið. Það var tekið á móti okkur á flugvellinum og við keyrð á hótelið


og síðan á barnaheimilið. Það var auðvitað alveg stórkostleg stund að sjá barnið sitt og taka það í fangið. Við dvöldum á barnaheimilinu í um klukkustund en þá var litla konan okkar orðin breytt. Við kysstum hana í bak og fyrir og lofuðum að koma aftur á morgun.

Á föstudeginum bauð Chandana okkur með sér á barnaheimilið sem hún rekur og við styrkjum hjá í.Æ. Við komum á matmálstíma og fylgdumst með krökkunum sem tóku hraust-lega til matar síns. Þórður hélt að honum hefði dugað helmingurinn af því sem þeir létu ofan í sig. Það var virkilega gaman að koma þarna og sjá hvað fer fram. Ósjálfrátt varð okkur hugsað til íslenskra barna sem búa við allsnægtir í samanburði við þessi börn.

Heimleiðin gekk vel. Það er auðvitað erfitt að ferðast um langan veg, hvað þá með lítið barn og vorum við orðin lúin þegar lent var í Keflavík. Þar beið Ragnheiður eftir pabba og mömmu og litlu systur sinni og urðu þar miklir fagnaðarfundir. Við vorum fegin að vera komin heim eftir 10 daga ferðalag.

Eftir svona ferð erum við reynslunni ríkari. Það er svo margt sem ber fyrir augu, hughrif eru margvisleg. Við eignum líka litla dóttur sem kom með okkur heim og er okkur stöðug uppsprett Gleði og hamingju. Landið hennar verður alltaf sérstakt í okkar augum.

En óneitanlega hugsar maður öðruvísi um lífsins gæði þegar maður hefur séð ör-birgð með eigin augum. Það er erfitt að loka augunum fyrir fátaekt og neyð, sér-staklega barna, og sýnu erfiðara þegar maður á sjálfur börn. Það er þó eftirtektar-vert hversu glatt fólkioð er og að því er virðist hamingjusamt. Af því gætum við margt lært.



Móðir og dóttir hittast í fyrsta sinn.

Til umhugsunar

Eitt af því sem er erfitt að útskýra fyrir fólk er hinn langi tími sem líður frá því að við fáum upplýsingar um barnið okkar ar þar til við getum sótt það.

Dóttir okkar var 7 mánaða þegar við komum með hana heim, hún var 6 1/2 kg. og 65 cm. Hún bar þess glögg merki að hafa fengið góða umönnun. Allt í hennar fari sýndi að henni hafði liðið vel á barnaheimilinu.

Ég minnist á þetta hér vegna þess að á flugvellinum í Calkutta hittum við Þórður tvær konur frá Svíþjóð með svo þínulítill börn að við töldum þau nánast nýfædd. Hallbera okkar vakti og forvitni þeirra. Í ljós kom að börnin voru rúm-lega 4ra mánaða, en þau voru ekki 2 kg. að þyngd.

Ég hugsaði með hlýju og þakklæti til kvennanna á barnaheimilinu okkar sem leggja metnað sinn í að hugsa vel um börnin okkar. Það er ekki sjálfgefið að svo sé alls staðar.

Hrönn Ríkharðsdóttir



FRÉTTABRÉF

Útgefandi: Íslensk ættleiðing
Abm.: Guðrún Sveinsdóttir
Ritsjóri: Hrönn Ríkharðsdóttir
Prentun: Prentverk Akraness hf.

Útilegan

Hin árlega útisamkoma Íslenskrar ættleiðingar var haldin að Varmalandi í Borgarfirði dagana 22.-24. júlí. Veðrið lék við okkur og þá sérstaklega á laugardaginn.

Dagurinn leið af sjálfum sér og börnin sáu sjálf um að skemmta sér. Aðstaðan er orðin mjög góð á þessum stað. En það var einnig þarna sem fyrsta útilegan hjá Í.Æ. var árið 1986, síðan hefur þessi staður breyst töluvert.

Petta var í núnda skiptið sem útisamkoman var haldin, og staðirnir orðnir margir þar sem við höfum verið, reyndar höfum við aðeins sleppt úr einu ári, 1992. Fyrstu útilegurnar voru mjög vel sóttar, síðan hefur dregið úr þáttöku og er nú aðeins fastur kjarni sem heldur uppi merki félagsins.

Kannski á veðrið einhvern þátt í légrei þáttöku, því við höfum ekki alltaf verið jafn heppin með veður, eins og nú í ár. En veðrið má ekki spilla samstöðu okkar um það að halda merki félagsins á lofti. Börnin burfa líka að fá tækifæri til þess að hittast og halda í vinskap sem hefur myndast gegnum árin.

Að lokum viljum við þakka öllum þeim sem að þessari úthátið stóðu og óskum félagini alls góðs í framtíðinni.

Ragnheiður Lárusdóttir
Stefán Ívar Hansen
Akureyri

Heimsóknir

Félagið hefur tekið á móti tveimur gestum í sumar. Sendiherra Indlands á Íslandi, sem hefur búsetu í Oslo kom hingað vegna lýðveldisafmælisins. Hann sýndi áhuga á að hitta indversku börnin og fjölskyldur þeirra. Félagið stóð þess vegna fyrir kaffisamsæti þann 16. júní þar sem sendiherrann var gestur.

Hann var mjög aluðlegur og talaði hlýlega við nærstadda. Hann hélt smátölu þar sem hann sagði augljóst að um börnin okkar væri vel hugsað og bau heppin að hafa eignast Ísland að öðru föðurlandi. Mjög vel var að þessu staðið og veitingar glæsilegar.

Hinn gesturinn var fulltrúi frá ráðuneyti félags- og velferðarmála í Dehli. Hann kom á ráðstefnu um málefni fatlaðra. Stjórnarmenn sýndu honum ýmsa merka staði, buðu honum að borða og hann hitti nokkur indversk börn og fjölskyldur þeirra.

Báðir þessir gestir voru mjög ánægðir með móttökur félagsins. Einnig voru þeir hrifnir af því að hitta indversk börn og fjölskyldur þeirra og sjá með eigin augum hvaða aðstæður börnin búa við.

Albúmið

Gaman væri að fá myndir af börnum ykkar sem birta má í fréttabréfinu. Með myndunum birtust upplýsingar um nafn aldur og heimili.

PRENTVERK

frá A til Ö



PRENTVERK AKRANESS hf.

Heiðargerði 22 - 300 Akranes - Sími 93-11127 - Fax 93-11804